

Menntamálanefnd Alþingis
Umsögn um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf

Stjórn Framleiðendafélagsins SÍK fjallaði á fundi þann 27.04.05 um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf.

Stjórnin leggur megináherslu á að breytingar á lögum um Ríkisútvarpið hafi þann tilgang að efla stofnunina sem útvarp í almannabágu. Því takmarki má meðal annars ná með því að í auka verulega sýningar á innlendu sjónvarpsefni, svo sem leiknum sjónvarpsþáttum og heimildamyndum. Þannig getur RÚV orðið betri samfélagsspegill og eftt skilning Íslendinga á samfélaginu og umheiminum.

Í dag er mjög lítill hluti af dagskrárfé RÚV notað til kaupa á sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum. Samkvæmt ákvæðum ESB tilskipana skal 10% af dagskrárfé varið til kaupa á evrópsku efni sem framleitt er af sjálfstæðum kvikmyndaframleiðendum. Í úttekt ESB á stöðu sjónvarpsstöðva í Evrópu kemur fram að RÚV hefur ekki bætt sig á þessu sviði og náí þessu marki almennt séð á úttektartímabilinu. Ef RÚV hefur ekki náð að uppfylla betur skilmála ESB um hlutfall efnis frá Evrópu þá er auðséð að staðan gagnvart innlendum framleiðendum er ekki góð. Í þessu sambandi verður einnig að skoða hvernig innlent dagskrárefni er skilgreint, það er t.d. ekki eðlilegt að talsett erlent íþróttæfni teljist til innlendarar dagskrár. Nánari skoðun gæti því leitt það í ljós að staða RÚV sé enn verri en skýrsla ESB gefur til kynna.

Ýmsar þjóðir sem Íslendingar miða sína frammistöðu við á mörgum sviðum hafa gengið mun lengra og má benda á reglur sem BBC vinnur eftir, en þar eru ákvæði um að 25% af dagskrá skuli framleidd af sjálfstæðum framleiðendum í Bretlandi. Í mörgum löndum, s.s. Kanada, Írlandi, Danmörku og víðar eru í gildi reglur um almannaútvarp með svipuðum skilyrðum.

Það er tímabært að RÚV taki upp skilvirkt samband við sjálfstæða kvikmyndaframleiðendur héraendis. Með því vinnst margt, hagkvæmni í framleiðslu, efling íslenskrar kvikmyndagerðar og að almenningur fær að njóta fleiri og betri íslenskra kvikmynda og sjónvarpsþátta. Ennfremur er þetta veigamikill þáttur í því að styrkja sjálfan tilverugrundvöll Ríkisútvarpsins.

Það er tillaga stjórnar Framleiðendafélagsins SÍK að í 5. gr. frumvarpsins verði bætt ákvæðum sem kveða á um skýr markmið; að stofnunin skuli hækka hlutfall dagskrár sem framleidd er af sjálfstæðum innlendum framleiðendum í markvissum áföngum. Nauðsynlegt er að setja stofnuninni skilyrði um a.m.k. 20% nú þegar og að á þremur árum verði hlutfallið komið í 30 af hundraði.

Í þessu sambandi má benda á að sá sparnaður sem næst með niðurfellingu innheimtustarfsemi og afléttingu greiðslna til Sinfóníuhjónsveitar Íslands nemur um 170 -190 milljónum á ári (2004). Í dag kaupir RÚV á dagskrárefni frá sjálfstæðum framleiðendum fyrir um 60 milljónir króna, en framlag stofnunarinnar nemur í flestum tilfellum um 9 -10% af heildarframleiðslukostnaði verkanna. Með því að nýta það fé sem


sparast til þess að kaupa innlent sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum nær RÚV að stíga risaskref til að efla innlendan kvikmyndaiðnað sem jafnframt leiðir til þess að framboð á góðu íslensku sjónvarpsefni stóreykst. Má í þessu sambandi benda á stórgóðan árangur Dana á þessu sviði, en þar hafa reglur um samstarf og góður vilji stjórnenda DR skilað slíkum árangri að eftir er tekið um allan heim.

Rvk. 28.04.05

F.h. stjórnar Framleiðendafélagsins SÍK

Skúli Malmquist

varaformaður

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Skúli Malmquist', with a long horizontal line extending to the right.